

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 274/2021**

**frá 24. september 2021**

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971 frá 11. desember 2018 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og stofnun til að styðja við BEREC-hópinn (BEREC-skrifstofu), um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/2120 og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1211/2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Svo tryggja megi góða framkvæmd EES-samningsins er rétt að víkka gildissvið bókunar 37 við EES-samninginn svo evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) sem komið var á með reglugerð (ESB) 2018/1971 falli undir það.
- 3) Svo tryggja megi stöðugleika í framkvæmd regluverksins fyrir rafræn fjarskipti sem fellur undir gildissvið EES-samningsins munu eftirlitsyfirkvöld EFTA-ríkjanna taka fullan þátt í starfsemi stjórnar eftirlitsaðila BEREC, vinnuhópa BEREC og stjórnar BEREC-skrifstofunnar, þó án atkvæðisréttar. Afstaða innlendra eftirlitsyfirkvalda EFTA-ríkjanna verður skráð sérstaklega þegar BEREC gefur út álit. Eftirlitsstofnun EFTA mun taka ítrasta tillit til álita sem BEREC hefur samþykkt.
- 4) XI. viðauki og bókun 37 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Viðauka XI. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 5czq (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1538):

„5czr. **32018 R 1971**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971 frá 11. desember 2018 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og stofnun til að styðja við BEREC-hópinn (BEREC-skrifstofu),

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 1.

um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/2120 og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1211/2009 (Stjtið. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 1).

Tilhögun samstarfs EFTA-ríkjanna í samræmi við 101. gr. samningsins:

Innlend eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkjanna sem falin er aðalábyrgð á daglegu eftirliti með mörkuðum fyrir rafræn fjarskiptanet og þjónustu skulu taka fullan þátt í starfi stjórnar eftirlitsaðila BEREC, vinnuhópa BEREC og stjórnar BEREC-skrifstofunnar.

Fulltrúar þeirra skulu vera háttsettir í samræmi við ákvæði BEREC-reglugerðarinnar.

Að þessu leyti skulu eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkjanna hafa sömu réttindi og skyldur og innlend eftirlitsyfirvöld aðildarríkja ESB, þó án atkvæðisréttar. Fulltrúar EFTA-ríkjanna eiga ekki rétt á að gegna formennsku í stjórn eftirlitsaðila og stjórn skrifstofunnar.

BEREC og BEREC-skrifstofan skulu aðstoða Eftirlitsstofnun EFTA þegar og eftir því sem við á og innlend eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkjanna, ef þannig ber undir, við framkvæmd verkefna hverra um sig.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 4. gr.:

i) í a-lið 1. mgr. er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á undan orðunum „og framkvæmdastjórninni“,

ii) í e-lið 1. mgr. er orðunum „, Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á undan orðunum „eða framkvæmdastjórnarinnar“,

iii) eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. BEREC skal skrá afstöðu innlendra eftirlitsyfirvalda EFTA-ríkjanna sérstaklega þegar gefnar eru út álitserðir í samræmi við undirliði i) og ii) í c-lið 1. mgr.“,

iv) í 4. mgr. hljóða orðin „viðeigandi lögum Sambandsins“ sem „EES-samningnum“, að því er er varðar EFTA-ríkin,

v) í 4. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „og framkvæmdastjórnin“.

b) Í 4. mgr. 7. gr. er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „Framkvæmdastjórnin“.

c) Í 3. mgr. 13. gr.:

- i) orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA“ er bætt við á eftir orðinu „BEREC“,
- ii) orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ er bætt við á eftir orðunum „frá framkvæmdastjórninni“.

d) Ákvæði 15. gr.:

- i) í 1. mgr. er eftirfarandi setningu bætt við á eftir fyrstu undirgreininni: „Fulltrúi Eftirlitsstofnunar EFTA skal taka þátt í stjórninni, þó án atkvæðisréttar.“,
- ii) í 2. mgr. er orðunum „og Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“.

e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 25. gr.:

„5. EFTA-ríkin skulu taka þátt í fjárframlagi frá Sambandinu sem vísað er til í a-lið 3. mgr. Hvað þetta varðar gildir málsmeðferðin sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 82. gr. og bókun 32 við EES-samninginn að breyttu breytanda.“

f) Í 30. gr. er eftirfarandi undirgreinum bætt við:

„Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. og a-liðar 3. mgr. 82. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópusambandsins er ráðningarskrifstofu stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamninga við ríkisborgara EFTA-ríkjana sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.

Þrátt fyrir ákvæði e-liðar 2. mgr. 12. gr., e-liðar 3. mgr. 82. gr. og 3. mgr. 85. gr. í ráðningarskilmálum annarra starfsmanna Evrópusambandsins, skal skrifstofan, að því er varðar starfsfólk hennar, líta á tungumálin sem vísað er til í 1. mgr. 129. gr. EES-samningsins sem tungumál Sambandsins sem vísað er til í 1. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.“

g) Í 34. gr. er eftirfarandi bætt við:

„EFTA-ríkin skulu láta BEREC-skrifstofuna njóta sérréttinda og friðhelgi sem er jafngild þeim réttindum sem eru í bókuninni um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins.“

h) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 36. gr.:

„4. Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar skulu, að því er varðar beitingu reglugerðarinnar, gilda um innlend eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkjana að því er varðar skjöl sem BEREC eða BEREC-skrifstofan hafa tekið saman.“

i) Í 2. mgr. 40. gr.:

- i) „ Eftirlitsstofnun EFTA“ er bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“,
- ii) að því er EFTA-ríkin varðar hljóða orðin „lög Sambandsins og landslög“ sem „EES-samninginn og landslög“.
- j) Í a- og b-lið 1. mgr. 41. gr. er „ Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“.

2. Eftirfarandi er bætt við lið 5ob (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120):

„, breytt með:

- **32018 R 1971**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971 frá 11. desember 2018 (Stjtið. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við bókun 37 við EES-samninginn:

„43. Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971).“

3. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2018/1971, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Rolf Einar Fife**

*formaður.*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.